

Nd.

62. Nefndarálit

[30. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Á fyrstu dögum þingsins lagði ríkisstjórnin fram 4 frv. í efri deild og 1 í neðri deild um tekjuöflun á næsta ári. Eru þau samhljóða frumvörpum, sem lögð hafa verið fram og tekin í lög árlega að undanfögnu.

Eftir að öll þessi 5 frumvörp höfðu hlotið afgreiðslu í fjárhagsnefndum þingdeildanna, gerðist það, að hætt er meðferð þeirra í þingi, en efni þeirra allra sett í eitt frv., sem ríkisstjórnin ber fram á Alþingi.

Við teljum þetta óeðlilega og mjög óviðeigandi aðferð við afgreiðslu þingmála. Þessar aðfarir ríkisstjórnarinnar eru þáttur í baráttu hennar fyrir því að víkja þingmönnum frá störfum á Alþingi, áður en þar hafa verið tekin til meðferðar ýmis þau mál, sem ætti að fjalla um, áður en hlé verður gert á störfum þingsins. Það teljum við mjög aðfinnsluvert. Við mótmælum því, að Alþingi verði frestað, fyrr en 1. umr. um fjárlagafrv. hefur farið fram, fjármálaráðherra hefur gert grein fyrir fjárhagsástæðum ríkisins, svo sem ætíð er gert við það tækifæri, og ýmis aðkallandi mál, sem liggja fyrir þinginu, hafa verið tekin til meðferðar. Við getum því ekki mælt með samþykkt frv. að svo stöddu, þó að við séum ekki á móti framlengingunni, þar sem afgreiðsla þess nú mundi flýta því, að ríkisstjórnin komi fram þingfrestunaráformi sínu, en leggjum til, að afgreiðslu málsins verði frestað um sinn.

Á sérstöku þingskjali flytjum við brtt. um það, að framlenging söluskattsins skuli ekki gilda lengur en til febrúarloka n. k., þar sem ráðgert er, að heimild ríkisstjórnarinnar til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði gildi aðeins tvo fyrstu mánuði næsta árs.

Alþingi, 4. des. 1959.

Skúli Guðmundsson,
frsm.

Einar Olgeirsson.